

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir,
fulltrúi skipulagsmála
Geislagötu 9
600 Akureyri

Umhverfisstofnun
Áb. _____
22. nóv. 2010 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. nóvember 2010
Tilvísun: UST20100600035/jbw

Tillaga að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 7. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár, Akureyri.

Almennt um deiliskipulagssvæðið - markmið

Breyting á deiliskipulaginu felur í sér að lóð nr. 5 við Norðurtanga hækkar nýtingarhlutfallið úr 0,35 í 0,50.

Breytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismati áætlana því að gildandi deiliskipulag fellur undir 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, nánar tiltekið hafnir sem skip stærri en 1.350 t geta siglt um.

Náttúruminjar

Deiliskipulagssvæðið er ekki á náttúruminjaskrá og engar friðlýstar náttúruminjar eru innan þess.

Mannvirkjagerð

Í hús á lóð nr. 5 við Norðurtanga er gert ráð fyrir að sett verði upp milliloft í fimm einingabil hússins og hækka þannig nýtingarhlutfall lóðarinnar úr 0,35 í 0,50.


Umhverfismat


Í umhverfisskýrslu á deiliskipulagsupprætti eru umhverfisáhrif breytingarinnar talin óveruleg þar sem að uppsetning millilofta mun ekki breyta útliti, umfangi hússins, umferð eða umsvifum á lóðinni. Áhrif breytingarinnar á náttúrulegt umhverfi og menningarminjar eru einnig talin óveruleg.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna enda er ekki um að ræða framkvæmdir á svæði á náttúruminjaskrá, eða svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Stofnunin bendir þó á mikilvægi þess að á framkvæmdatíma sé gengið vel um svæðið og að meðferð og frágangur byggingarúrgangs, ef einhver verður, verði með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. kafla III, 11. gr. um m.a. að bannað sé að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weissappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun